

Orkufjarskipti hf.

Ársreikningur

2024

Orkufjarskipti hf.
Krókhálsi 5c
110 Reykjavík
kt. 561000-3520

Orkufjarskipti hf.

Ársreikningur

2024

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7-14

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Orkufjarskiptum hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkufjarskipta hf. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024 og efnahag þess 31. desember 2024 í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Orkufjarskiptum hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt Orkufjarskipta hf. óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Orkufjarskipta hf.

Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðra endurskoðenda

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn og framkvæmdastjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Kópavogur, 18. febrúar 2025.

Deloitte ehf.

Þorsteinn Pétur Guðjónsson
endurskoðandi

Steina Dröfn Snorradóttir
endurskoðandi

Ársreikningur Orkufjarskipta hf. fyrir árið 2024 er rafrænt undirritaður af endurskoðendum.

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Orkufjarskipta hf. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagsins er að eiga og reka öryggisfjarskiptakerfi sem hluthöfum er nauðsynlegt vegna reksturs raforkukerfa þeirra á landsvísu og leigja aðgang að því sem tók eru á og lög heimila.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur:	2024	2023
Rekstrartekjur félagsins námu.....	761.581.078	685.434.320
Hagnaður félagsins nam.....	168.833.055	97.785.333
Fjöldi stöðugilda nam.....	9	9
	31.12.2024	31.12.2023
Eignir félagsins námu.....	2.710.079.779	2.684.942.904
Bókfært eigið fé nam.....	1.378.267.868	1.289.390.813
Eiginfjárlutfall félagsins nam.....	50,9%	48,0%

Rekstrartekjur félagsins byggja að stærstum hluta á samningum við tengd félög og breytast í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs. Um er að ræða fasta samninga og er reiknað með því að starfsemi félagsins muni ekki breytast verulega að umfangi á næstunni.

Eignir félagsins hækka milli ára í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins sem byggist meðal annars á uppbyggingu og stækkun ljósleiðarakerfis í kringum landið.

Hluthafar

Í lok ársins voru 3 hluthafar í félaginu líkt og í upphafi árs.

	Hlutdeild	Hlutir
Landsvirkjun.....	48,6%	72.874.691
Landsnet hf.....	48,6%	72.874.691
Rarik.....	2,8%	4.250.619
Samtals.....	100%	150.000.000

Á hlutafafundi í desember var samþykkt að lækka hlutafé félagsins að nafnvirði kr 50.000.000 á genginu 1.59912 og fjöldi hluta hluthafa var því 150.000.000 í árslok.

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að ekki komi til greiðslu arðs og hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Eigin hlutir

Félagið á 11.943.758 eigin hluti í árslok og er nafnverð hvers hlutar ein króna. Á hlutafafundi í desember var samþykkt að lækka eigin hluti í samræmi við lækkun á hlutafé félagsins um 3.981.252 hluti.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Orkufjarskipta hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Orkufjarskipta hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. febrúar 2025.

Í stjórn

Framkvæmdastjóri

Ársreikningur Orkufjarskipta hf. fyrir árið 2024 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Fjarskiptaþjónusta		689.169.850	641.492.119
Aðrar tekjur		72.411.228	43.942.201
Rekstrarkostnaður		(173.791.123)	(164.331.568)
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(195.557.209)	(192.311.474)
Afskriftir fastafjármuna og afnotaréttar	5,6	(133.786.450)	(137.797.439)
Rekstrarhagnaður		258.446.296	190.993.839
Fjármunatekjur		17.569.608	4.868.744
Fjármagnsgjöld		(63.801.508)	(73.775.520)
Gengismunur		712.874	149.653
		(45.519.026)	(68.757.123)
Hagnaður fyrir skatta		212.927.270	122.236.716
Tekjuskattur	9	(44.094.215)	(24.451.383)
Hagnaður ársins		168.833.055	97.785.333

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Ljósleiðarar	5	2.212.662.383	2.222.281.186
Annar fjarskiptabúnaður, bifreiðar og tæki	5	132.122.339	119.135.723
Birgðir af fjárfestingavörum		69.362.490	84.498.819
Afnotaréttur leigusamninga	6	0	15.940.853
		2.414.147.212	2.441.856.581
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		2.884.641	70.429.094
Viðskiptakröfur á tengda aðila		73.161.163	51.323.932
Aðrar skammtímakröfur		4.444.752	1.149.094
Handbært fé		215.442.011	120.184.203
		295.932.567	243.086.323
Eignir		2.710.079.779	2.684.942.904
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
	7		
Hlutfé		150.000.000	200.000.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		87.472.324	117.428.324
Lögbundinn varasjóður		40.485.939	53.981.252
Sérstakur endurmatsreikningur		0	5.012.352
Óráðstafað eigið fé		1.100.309.605	912.968.885
Eigið fé		1.378.267.868	1.289.390.813
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímaskuldir við tengda aðila	8	759.591.604	888.193.498
Tekjuskattsskuldbinding	10	250.557.908	238.059.907
		1.010.149.512	1.126.253.405
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		101.695.203	29.658.065
Viðskiptaskuldir við tengda aðila		12.767.278	79.898.396
Leiguskuldbinding, skammtímahluti	6	0	17.105.009
Næsta árs afborganir langtímaskulda við tengda	8	137.591.602	56.822.002
Ógreiddir reiknaðir skattar	10	31.596.214	11.294.571
Áfallnir vextir vegna láns við tengda aðila		4.097.820	4.318.186
Aðrar skammtímaskuldir		33.914.282	70.202.457
		321.662.399	269.298.686
Skuldir		1.331.811.911	1.395.552.091
Eigið fé og skuldir		2.710.079.779	2.684.942.904

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Orkufjarskipti hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Orkufjarskipti hf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Krókhálsi 5c, 110 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir innihalda sérstakt endurmat frá fyrri árum, samanber skýringu 5, og er hann gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun	149.549.848	150.355.065
Lífeyrissjóður	20.552.020	21.037.616
Önnur launatengd gjöld	15.819.576	14.204.057
Annar starfsmannakostnaður	9.635.765	6.714.736
	<u>195.557.209</u>	<u>192.311.474</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður	195.557.209	192.311.474
Fjöldi stöðugilda	9	9

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Ljósleiðari	Annar búnaður og tæki	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	3.537.869.774	542.545.155	4.080.414.929
Eignfært á árinu	91.919.675	31.951.390	123.871.065
Selt og aflagt á árinu	0	(13.293.000)	(13.293.000)
Staða í árslok	3.629.789.449	561.203.545	4.190.992.994
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	1.315.588.588	423.409.431	1.738.998.019
Afskrift ársins	101.538.478	15.810.708	117.349.186
Selt og aflagt á árinu		(10.138.934)	(10.138.934)
Staða í árslok	1.417.127.066	429.081.205	1.846.208.271
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	2.222.281.186	119.135.725	2.341.416.911
Bókfært verð í árslok	2.212.662.383	132.122.341	2.344.784.724
Afskriftarhlutföll	3-5%	10-20%	

Á árinu 2008 var framkvæmt sérstakt endurmat á eignum félagsins á grundvelli ákvæða laga um ársreikninga þar sem heimilað var að færa fastafjármuni til markaðsverðs ef markaðsverð var verulega hærra en bókfært verð af ástæðum sem taldar voru varanlegar. Síðan endurmatið var framkvæmt á árinu 2008 hafa varanlegir rekstrarfjármunir félagsins ekki verið endurmetnir að nýju. Bókfært verð þess endurmats sem framkvæmt var hjá félaginu á árinu 2008 er komið í 0 kr. í árslok 2024 en stofnverð þess var 328,1 m.kr.

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna og afnotaréttar

Afskriftir varanlegra rekstrarfastafjármuna	117.349.186
Afskriftir afnotaréttar leiguskuldbindingar, skýring 6	16.437.264
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna og afnotaréttar samtals	133.786.450

6. Afnotaréttur leigusamninga

Þar sem félagið er hluti af samstæðu sem gerir upp samkvæmt ákvæðum alþjóðlegra reikningsskilastaðla, var ákveðið að taka upp IFRS 16 staðalinn um meðferð leigusamninga frá og með 1. janúar 2019. Staðalinn gerir kröfu um að færð verði leiguskuldbinding og nýtingaréttur til eignar og skuldar vegna allra leigusamninga.

Upplýsingar um afnotarétt vegna leigueignar og leiguskuldbindingar, tengd leigusamningum, er að finna hér að neðan, en nánari lýsing á reikningshaldslegri meðferð leigusamninga er að finna í skýringu 12 fyrir reikningsskilaaðferðir leigusamninga.

Leigueignir	Fasteign
Staða 1.1.2024	15.940.853
Verðbætur af leiguskuldbindingu	496.411
Afskriftir	(16.437.264)
Staða 31. desember 2024	0

Tímalengd samninga

Til 31. desember 2024

Upphæðir færðar í rekstrarreikning	2024
Afskriftir af afnotarétti	(16.437.264)
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	(304.897)
Samtals gjaldfært á árinu	(16.742.161)

7. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok	161.943.758	100,0%	161.943.758
Eigin hlutir í árslok	(11.943.758)	-7,4%	(11.943.758)
	<u>150.000.000</u>	<u>92,6%</u>	<u>150.000.000</u>

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 161.943.758 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna og útgefið hlutfé því 161.943.758 krónur. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Eiginfjárhlutfall félagsins í lok ársins er 50,9% (2023: 48,0%) og arðsemi eigin fjár er 12,7% (2023: 7,8%).

Eigið fé greinist þannig:	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2023	240.000.000	108.626.720	66.666.667	12.274.043	795.236.446
Millifært vegna afskrifta				(7.261.690)	7.261.690
Lækkun hlutafjár	(46.999.333)	(32.899.063)			
Seldir eigin hlutir	6.999.333	41.700.667			
Hagnaður ársins					97.785.333
Færsla af lögb. varasjóð			(12.685.415)		12.685.415
Eigið fé 1.1.2024	200.000.000	117.428.324	53.981.252	5.012.353	912.968.884
Millifært vegna afskrifta				(5.012.353)	5.012.353
Lækkun hlutafjár	(50.000.000)	(29.956.000)			
Hagnaður ársins					168.833.055
Færsla af lögb. varasjóð			(13.495.313)		13.495.313
Eigið fé 31.12.2024	<u>150.000.000</u>	<u>87.472.324</u>	<u>40.485.940</u>	<u>0</u>	<u>1.100.309.605</u>

Endurmatsreikningur er tilkominn vegna endurmats á varanlegum rekstrarfjármunum félagsins.

8. Langtímaskuldir við tengda aðila

	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir í íslenskum krónum	897.183.206	945.015.500
Næsta árs afborganir langtímaskulda	897.183.206	945.015.500
	<u>(137.591.602)</u>	<u>(56.822.002)</u>
Langtímaskuldir í árslok	<u>759.591.604</u>	<u>888.193.498</u>
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
	31.12.2024	31.12.2023
Næsta árs afborganir	137.591.602	56.822.002
Afborganir 2026 / 2025	88.233.302	54.878.252
Afborganir 2027 / 2026	88.233.302	207.427.746
Afborganir 2028 / 2027	38.875.000	36.931.250
Afborganir 2029 / 2028	544.250.000	36.931.250
Afborganir 2030 / 2029	0	552.025.000
	<u>897.183.206</u>	<u>945.015.500</u>

9. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 44,1 milljónum króna (2023: 24,5 milljónir). Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2025 nemur 31,6 milljónir króna (2024: 11,3 milljón).

10. Tekjuskattsskuldbinding

	Skuldbinding	
	2024	2023
Staða í ársbyrjun	238.059.908	224.903.096
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	44.094.215	24.451.383
Tekjuskattur til greiðslu á komandi ári	(31.596.214)	(11.294.571)
Staða í árslok	250.557.909	238.059.908
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:		
	31.12.2024	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir	250.453.663	238.271.152
Aðrir liðir	104.246	(211.246)
	250.557.909	238.059.906

11. Ábyrgðir og önnur mál

Félagið hefur gert samning um húsaleigu sem gildi til 31. desember 2024. Þá hefur félagið endurnýjað leigusamning til næstu fimm ára og tekur sá samingur gildi 1. janúar 2025.

Félagið hefur keypt tryggingar vegna bruna- vatns- og innbrotstjóna. Félagið er ennfremur með frjálsa ábyrgðatryggingu atvinnurekstrar og ábyrgðatryggingu vegna starfsábyrgðar. Vátryggingarfjárhæð lausafjártryggingar og víðtækra eignatrygginga nema 92,5 m.kr.

12. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af þjónustu og vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem viðskiptaskuldir í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendra mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

12. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að undanskildu sérstöku endurmati sem framkvæmt var á árinu 2008 á öllum þáverandi eignum félagsins, og að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er færður í rekstrarreikning við sölu.

Fjárfestingavörur

Birgðir af fjárfestingavörum eru metnar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð fjárfestingavara samstanda af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma fjárfestingavörum í nothæft ástand, til eignfærslu síðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

12. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Leigusamningar

Félagið hefur ákveðið að færa leigusamninga í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IFRS 16.

Við upphaflega skráningu metur félagið hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Félagið skráir afnotarétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði, þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding og nýtingarréttur af leigueign eru upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum auk breytilegra greiðslna vegna vísitölu, vænts hrakvirðis og kaupréttar á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir, og að frádregnum leiguhvötum. Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Félagið endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Afnotaréttur leiguskuldbindinga er afskrifaður á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða afnotaréttar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð afnotaréttar af leigueign felur í sér kauprétt á viðkomandi leigueign, þá er nýtingarrétturinn afskrifaður á líftíma leigueignarinnar. Afnotaréttur vegna leigueignar er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings. Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti leigueignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.